

Ed.

348. Frumvarp

til laga um framlengingu á gildi laga nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 48, 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverslun, skulu vera í gildi þar til önnur skipun verður á gerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 9. gr. umræddra laga, nr. 48 frá 4. júní 1924, er svo ákveðið, að þau gildi til 1. júní 1925. Nú er nokkur reynsla komin á þessa tilhögun, og þykir rjett, að henni sje haldið þar til önnur skipun verður á gerð.